

M-97/2009 Álit 26. janúar 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. janúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-97/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. desember 2009 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á flatskjá keyptur hafi verið í lok september 2007 hjá fyrirtækinu Y. Í álitsbeiðni segir undir liðnum kröfur: „Úrbætur á flatskjá að andvirði 230 þús. keyptur í sept. lok 2007.“

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. desember sl., gaf kæruneftndin Y. kost á andsvörum og bærust þau 17. desember. Með bréfi, dags. 18. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær 26. desember. Með bréfi, dags. 18. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi og öðrum gögnum sem álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni var umrætt sjónvarpstæki keypt 27. september 2007 af Z, fyrir kr. 229.900. Í gögnum málsins kemur fram að Z var faðir álitsbeiðanda en hann lést síðastliðið sumar. Kæruneftndin telur að byggja megi á því að álitsbeiðandi hafi heimild til þess að biðja um álit nefndarinnar. Í álitsbeiðni segir að lóðréttum röndum á skjánum fari fjölgandi og sé hann nú metinn ónýtur.

Í tölvubréfi álitsbeiðanda til Y frá 17. nóvember 2009 segir að í sumar hafi komið upp galli í sjónvarpstækinu sem hafi lýst sér í því að komið hafi fram ein lóðrétt rönd á skjánum en nú séu þær orðnar þrjár. Í tölvubréfinu segir m.a. eftirfarandi:

„Þetta er panasonic tæki en ekkert tech eða united enda er panasonic dýrara. Ykkar lýsing meira að segja hágæðatæki. Hvað getur þú boðið okkur í staðinn, er ósanngjarnt finnst þér að þið bjóðið okkur annað tæki? Það má líka benda á 27. gr. neytendakaupalaga um 5 ára regluna varðandi ábyrgð sem nær til svokallaðra dýrra rafmagnstækja. [...] Óska eftir svari frá þér með fyrirfram þökk.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Vegna máls X sem var sent á okkur nýlega og okkur gefinn frestur til að svara til 18. desember þá viljum við einfaldlega koma þessum upplýsingum á framfæri. Sjónvarpstækið sem um ræðir er keypt í september 2007 og þegar hann talar fyrst við okkur er tveggja ára neytendaábyrgð liðin. Nú er liðinn enn lengri tími og tækið er ekki einu sinni búið að koma til okkar í skoðun hvað þá meira.“

Hans fyrsta samband við okkur var 17. nóvember, tæpum tveimur mánuðum eftir að sjónvarpstækið var farið úr ábyrgð.

Við teljum okkur ekki þurfa að leggja fram frekari gögn þar sem þetta er allt staðfest af hans gögnum – þ.e. kaupdagur og hvenær hann hafði fyrst samband.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í bréfi kærunevndarinnar, dags. 18. desember sl., til álitsbeiðanda, þar sem honum var gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvör seljanda, var óskað eftir því að álitsbeiðandi upplýsti nefndina um það hver mæti skjáinn ónýtan og hvers vegna. Við þeirri spurningu er ekki að finna svör í athugasemdum álitsbeiðanda sem bárust kærunevndinni 26. desember sl. eins og fyrr greinir.

Í athugasemdunum segir að rendur á sjónvarpskjánum hafi byrjað að sjást u.þ.b. þegar liðin hafi verið tvö ár frá kaupnum. Starfsmaður Y hafi sagt álitsbeiðanda að dýrara væri að afhenda nýtt sjónvarpstæki en gera við tækið en hins vegar ætli Y ekkert að koma til móts við móður sína. Hefði Y getað hringt til hennar eða komið og litið á tækið

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Svar tækni ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Kærunevndin lítur svo á að í máli þessu sé óumdeilt að galli hafi komið fram á sjónvarpstæki því sem álitsbeiðnin nær til. Eins og rakið er að framan var tækið keypt 27. september 2007 og álitsbeiðandi kvartaði sannanlega undan göllum á tækinu við seljanda í tölvupósti 17. nóvember 2009. Eins og aðstæðum var háttað hjá álitsbeiðanda og föður hans telur kærunevndin að kvartað hafi verið undan gallanum án ástæðulauss dráttar sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003.

Kærunevndin álitur að sjónvarp af því tagi sem hér um ræðir eigi að endast lengur en í rétt rúm tvö ár án þess að á því komi fram galli af því tagi sem álitsbeiðandi lýsir og gerir tækið illa nothæft, en gallinn virðist aukast að umfangi. Það er því álit kærunevndarinnar eins og hér hagar til að fella verði ábyrgð seljanda undir 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. svokallaða fimm ára reglu, og því beri seljandi ábyrgð á gallanum. Í álitsbeiðni kemur fram sú krafa að seljandi geri úrbætur á sjónvarpinu og verður að miða við að þá kröfu geri álitsbeiðandi á hendur seljanda. Skilja verður það sem fram kemur í athugasemdum álitsbeiðanda svo að seljandi telji að hægt sé að gera við tækið og sé það ódýrari kostur en að afhenda nýtt sjónvarpstæki. Kærunevndin álitur að seljanda sé skylt samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 að gera við sjónvarpstæki álitsbeiðanda, eins og krafa hans stendur til, og koma því í fullkomið lag. Úrbætur eiga fara fram samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 30. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. innan hæfilegs tíma sem kærunevndin telur vera í síðasta lagi 1. apríl nk.

VII
Álitsorð

Seljanda, Y, ber að koma í fullkomið lag sjónvarpstæki því, sem Z keypti af fyrirtækinu 27. september 2007, eigi síðar en 1. apríl nk.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir